SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU
FINANCIAL INTELLIGENCE UNIT ICELAND

Fjármögnun hryðjuverka einstaklinga og lítilla hópa

Lone actors and small cells

Egmont Group er alþjóðlegur samstarfsvettvangur skrifstofa um allan heim sem taka á móti tilkynningum um hugsanlegt peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, hér eftir nefndur Egmont. Tilgangur samvinnunnar er að stuðla að aukinni alþjóðasamvinnu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Yfir 150 skrifstofur í jafnmörgum löndum eiga aðild að Egmont. Nánari upplýsingar um Egmont eru á vefsvæðinu: www.egmontgroup.org

Þetta skjal er þýðing á samantekt skýrslu Egmont um varnir gegn fjármögnun hryðjuverka einstaklinga og lítilla hryðjuverkahópa. Skýrslan var unnin af vinnuhóp innan Egmont um upplýsingamiðlun (IEWG – Information Exchange Working Group), hér eftirnefnd „skýrslan“. Skýrslan er ætluð skrifstofum sem taka á móti tilkynningum um hugsanlegt peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og eru aðilar að Egmont, auk viðkomandi samstarfsaðilum á sviði löggæslu og öryggisþjónustum í þeirra löndum.

Tilgangur skýrslu þessarar er að bregðast við ógn af hryðjuverkaárásum á almenn skotmörk af hendi einstaklinga[1] og lítilla hópa með því að skoða fyrirliggjandi dæmi og greina mynstur, aðferðir og einkenni tengd hryðjuverkum og fjármögnun hryðjuverka. Upplýsingunum er ætlað að auka áhættuvitund og auðvelda tilkynningarskyldum aðilum að greina færslu fjármuna til eða frá litlum hópum eða einstaklingum, fyrir eða eftir hryðjuverka-árás.

Heildar skýrslan verður ekki gerð opinber þar sem hún inniheldur viðkvæmar upplýsingar. Þrátt fyrir það verður þessi samantekt gefin út á vefsíðu Egmont til að upplýsa þau yfirvöld sem berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka um helstu niðurstöður skýr-slunnar og efla þekkingu um ólöglega starfsemi tengda fjármögnun hryðjuverka einstaklinga og lítilla hópa. Þá er hugsunin að bæta árvekni og áhættuvitund meðal tilkynningaskyldra aðila um málaflokkinn.

[1] Í skýrslunni vísar hugtakið „einstaklingur“ til gerenda sem standa einir að árás eða sem hluti af litlum hryðjuverkahóp, nema annað sé tekið fram, eða eins og skilgreint er hér á eftir.



SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU
FINANCIAL INTELLIGENCE UNIT ICELAND

Fjármögnun hryðjuverka einstaklinga og lítilla hópa

Lone actors and small cells

Þessu verkefni var stýrt sameiginlega af skrifstofum sem móttaka tilkynningar í Hollandi (FIU-Netherlands) og Bandaríkjunum (FinCEN) og voru eftirfarandi skrifstofur hluti af verkefnahópnum: AUSTRAC (Ástralía), FINTRAC (Kanada), TRACFIN (Frakkland), FIU-German, PPATK (Indónesía), SIC (Líbanon), JUOBA (Lúxemborg), UPWBNM (Malasía), NFIU (Nígería), FIU-Rússland, and UKFIU (Bretland). Eftirfarandi samstarfsaðilar Egmont studdu verkefnið: Interpol, Europol og Wolfsberg Group.

Bakgrunnur

Egmont ákvað að beina athyglinni að einstaklingum vegna áhuga meðlima Egmont og löggæslustofnanna sem á rót sína að rekja til algengis og tilviljanakennds eðlis þessarar tegundar af árásum. Þetta verkefni beindist ekki eingöngu að ISIS/Da'esh því einstaklingar sem framið hafa hryðjuverkaárásir geta einnig tengst annarskonar hryðjuverkastarfsemi. Verkefnið er eitt af fyrstu samantektunum um hegðun einstaklinga sem sameinar sérkenni um fjárhag og hegðun frá því bæði fyrir og eftir að árás á sér stað. Leitast er við að bera kennsl á einkennistarfsemi einstaklinga og betrumbæta viðleitni löggæsluaðila við að koma í veg fyrir árásir einstaklinga.

Aðferðafræði og skilgreiningar

Þessi skýrsla nær til allra gerða af hryðjuverkum einstaklinga. Sett var saman gagnasafn úr 122 hryðjuverkaatvikum (100 atvik einstaklinga og 22 atvik lítilla hópa) sem áttu sér stað á árunum 2004 til 2018 og uppfylltu viðmið þessa verkefnis. Þessi 122 mál falla öll að skilgreiningu EUROPOL á hryðjuverkastarfsemi, þar með talin þau mál sem eiga sér trúarlegar, hægri sinnaðar, vinstri sinnaðar, þjóðernissinnaðar og aðrar sérstakar rætur. Í rannsókninni voru greindir 32 mismunandi þættir, þar með talin fjármálagögn, tegund árásar, aðferðir sem notaðar voru, fjöldi látinna og særðra, persónulegar aðstæður og hvati árásarmanns.



Fjármögnun hryðjuverka einstaklinga og lítilla hópa

Lone actors and small cells

Í því sjónarmiði að ákvarða hvort skrifstofur sem taka á móti tilkynningum um hugsanlegt peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka gætu greint betur kaup á efnum sem hægt er að nota í árás, var rannsakað hvaða hvata og leiðir einstaklingar notuðu. Dregin voru fram helstu einkenni fjármálahegðunar sem stuðla að því að hægt sé að greina viðeigandi peningafærslur í aðdraganda árásar.

Í skýrslunni er stuðst við skilgreiningar RUSI á einstaklingum og litlum hópum.

Einstaklingar

Ekki er til viðurkennd skilgreining yfir einstaklinga sem fremja einir hryðjuverk en RUSI notar eftirfarandi viðmið:

„Hótun um eða beiting ofbeldis af hálfu eins geranda, sem vinnur ekki alfarið út frá grunni persónulegs ávinnings, með það að markmiði að hafa áhrif á breiðari hóp áheyranda og án beins stuðnings við skipulagningu, undirbúning og framkvæmd árásarinnar. Ákvörðun um að grípa til aðgerðar er ekki stýrt af neinum hópi né öðrum einstaklingum enda þótt hún kunni að hafa verið innblásin af öðrum“.[2]

Litlir hópar

RUSI notar eftirfarandi viðmið um litla hópa:

„Hópur tveggja eða þriggja einstaklinga sem hóta að beita ofbeldi eða beita því með það að markmiði að hafa áhrif á breiðari hóp áheyranda og nýtur ekki beins utanaðkomandi stuðnings í skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd árásarinnar. Ákvörðun hópsins um að grípa til aðgerðar er ekki stýrt af neinum hópi né öðrum einstaklingum enda þótt hún kunni að hafa verið innblásin af öðrum“.[3]

[2] Tom Keatinge and Florence Keen, “Occasional Paper: Lone-Actor and Small Cell Terrorist Attacks: A New Front in Counter-Terrorist Finance?,” Royal United Services Institute, 2017, https://rusi.org/publication/occasional-papers/lone-actor-and-small-cell-terrorist-attacks-new-front-counter

[3] Keatinge and Keen.

SKRIFSTOFA FJÁRMÁLAGREININGA LÖGREGLU
FINANCIAL INTELLIGENCE UNIT ICELAND

Fjármögnun hryðjuverka einstaklinga og lítilla hópa

Lone actors and small cells

Helstu niðurstöður

Þessi opinbera samantekt inniheldur ekki allar helstu niðurstöður verkefnisins þar sem sumar þeirra eru byggðar á viðkvæmum upplýsingum og takmarkast við heimildir skrifstofa sem taka á móti tilkynningum um hugsanlegt peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Framsetning á sumum af helstu niðurstöðunum hefur verið aðlöguð að þessari útgáfu til að koma í veg fyrir að viðkvæmar upplýsingar séu birtar. Sú vinnsla leiddi af sér eftirfarandi niðurstöður:

- Einstaklingar sem framkvæma hryðjuverkaárás starfa sjaldnast án utanaðkomandi áhrifa og stuðnings. Allnokkrar rannsóknir benda til þess að einstaklingar hafi oft tengsl við meðlimi í hryðjuverkasamtökum eða voru áður samstarfsmenn eða tengiliðir þessara aðila. Þrátt fyrir að þeir standi einir að verki geta þessir einstaklingar samt sem áður verið undir áhrifum af hugmyndafræði hryðjuverkasamtaka sem þeir kunna að hafa tengst við á einhverjum tímapunkti. Skrifstofur sem taka á móti tilkynningum um hugsanlegt peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og fjármálastofnanir ættu að halda áfram að fylgjast með meðlimum hryðjuverkasamtaka og þekktum samstarfsmönnum.

- Hefðbundnar vísbendingar um fjármögnun hryðjuverka einar sér eru ekki líklegar til að fletta ofan af fjármögnunaraðferðum einstaklinga. Með því að rannsaka fyrri tilvik þvert á landamæri, komu í ljós samnefnarar varðandi hvata, skipulagningu og tilkynningar sem bárust í tengslum við þessa einstaklinga.

  Enda þótt hver einstaklingur geti sýnt af sér allskyns fjármálahegðun og tilkynningar um hugsanlegt peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka séu ekki alltaf til staðar í aðdraganda árásar, getur þekking á fjármálahegðun í fyrri árásum hjálpað við að



Fjármögnun hryðjuverka einstaklinga og lítilla hópa

Lone actors and small cells

koma í veg fyrir yfirvofandi árásir einstaklinga.

- Ekki var búinn til listi yfir einkenni einstaklinga sem fremja hryðjuverk en mörg af þeim málum sem rannsökuð voru staðfestu fjölda vísbendinga um fjármögnun hryðjuverka sem áður hafa komið fram í öðrum skýrslum Egmont. Þessar vísbendingar ná einnig yfir önnur form hryðjuverka en þeirra sem sprottin eru af trúarlegum rótum. Nýju vísbendingarnar vörðuðu aðallega innkaup á skotvopnum og öðrum vopnum og efnum sem hægt er að nota á frumstigi við smíði á heimatilbúnum sprengjubúnaði eða sprengjum.
- Greiningar benda til þess að sumar fjármálastofnanir svo sem greiðslumiðlarar fyrir smásölu á netinu eða stórar fjármálastofnanir sem geta beitt viðmiðunarmörkum við eftirlit eigi auðveldara með að greina smærri einingar í færslugögnum en aðrar fjármálastofnanir. Í næstum því 40% tilfella af þeim málum sem voru greind framkvæmdu einstaklingar og litlir hópar peningafærslur í reiðufé.
- Fjármálastofnanir kunna að vera líklegri til að senda inn tilkynningar um grunsamlega hegðun og tilkynningar um grunsamlegar færslur ef um er að ræða fyrirfram skipulagðar hryðjuverkaárásir einstaklinga heldur en óundirbúnar hryðjuverkaárásir einstaklinga. Fleiri tilkynningar voru sendar vegna gruns um skipulagningu árása af hálfu einstaklinga sem líklega er vegna þess að fjármálastofnanir eru á varðbergi vegna aukinnar áherslu af hálfu ríkisstjórna og almennings um allan heim.
- Meirihluti tilkynninga sem sendar voru í aðdraganda árásar sem farið var yfir, byggðu á vísbendingum um peningaþvætti, sem kann að gefa til kynna tengsl milli hryðjuverka og annarra afbrota s.s. hugsanlegra fjársvika. Þó gerist það iðulega að ekki eru borin kennsl á grunsamlega hegðun einstaklinga sem á sér stað í aðdraganda árásar.



Fjármögnun hryðjuverka einstaklinga og lítilla hópa

Lone actors and small cells

- Í þeim málum sem tekin voru til greiningar voru skotvopn oftast notuð til að framkvæma árás. Jafnvel í þeim lögsagnarumdæmum þar sem eignarhald á skotvopnum er ekki ólöglegt eða mjög takmarkað, geta tilkynningaskyldir aðilar með árvekni sinni hugsanlega komið auga á þegar einstaklingar kaupa skyndilega mikið magn skotvopna og jafnframt borið kennsl á aðrar vísbendingar um grunsamlegt athæfi.

- Notkun sprengiefna var önnur helsta leiðin sem einstaklingar notuðu í þeim málum sem greind voru. Gögn um notkun sprengiefna eru takmörkuð en þessi gögn samrýmast niðurstöðunum ENTRAP[4]. Hryðjuverkahópar virðast vera að færa sig frá markaðssettum sprengiefnum yfir í efni sem eru auðfengin og má nota sem grunn til að útbúa heimatilbúnar sprengjur. Athafnir sem tengjast þessum eftirlitsskyldu efnum og einstaka sinnum öðrum efnum til heimilisnota, geta orðið kveikjan að tilkynningum um grunsamleg kaup á efnum í löndum þar sem slíkt er tilkynnt til þar tilbærra yfirvalda eða tilkynningar til skrifstofa sem móttaka tilkynningar um hugsanlegt peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sem innihalda upplýsingar um hugsanleg kaup á efnum sem koma fram í fjármagnsfærslum.

  Fræðsla fyrir tilkynningaskylda aðila um grunsamleg kaup á efnum skilar ekki endilega árangri í að bera kennsl á árásarmenn, nema tilkynningaskyldu aðilarnir hafi aðgang að nákvæmari gögnum um peningafærslur og geti séð nákvæmlega hvaða efni er verið að kaupa.

[4] ENTRAP, er verkefni innan Evrópusambandslandanna sem skoðar möguleikana á því að grípa inn í undirbúning eða smíði og notkun sprengja og heimatilbúinna sprengja fyrir hryðjuverkaárásir með auðfengnum efnum.